

Reykjavík, 4. maí 2020  
R20040163

## Borgarráð

### *Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 - forgangsröðun við uppbyggingu mannvirkja*

Borgarstjórn hefur á fundi sínum 21. apríl 2020 samþykkt stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030.

Þar kom m.a. fram eftirfarandi áherslur varðandi uppbyggingu og rekstur hagkvæmrar aðstöðu til íþróttaiðkunar og hreyfingar:

- Að mótuð verði skýr forgangsröðun í uppbyggingu mannvirkja
- Tekið verði tillit til algildrar hönnunar og að aðstaða verði aðgengileg.
- Að staðsetning mannvirkja verði miðlæg í hverfi með greiðu aðgengi, staðsetningu sérgreinaaðstöðu og afreksíþróttaaðstöðu nálægt samgöngutengingum.
- Að hugað verði að hagkvæmu rekstrarformi mannvirkja og samvinna verði við ýmsa aðila um nýtingu mannvirkja.

Lagt er til við borgarráð, að stýrihópi um stefnu í íþróttamálum verði falið að starfa áfram og fara yfir þau fjölmörgu erindi sem liggja fyrir um uppbyggingu íþróttamannvirkja og veiti umsögn um forgangsröðun þeirra til undirbúnings fjárfestingaráætlunar til næstu tíu ára með hliðsjón af þeim forgangsröðunar-viðmiðum sem fram koma í íþróttastefnunni. Þau eru:

#### **Félagslegir þættir**

Fjöldi notenda og nýtanleg rýmd aðstöðu

Nýtingarhlutfall yfir árið

Markaður: Íbúar og börn og unglingar á áhrifasvæði, áhorfendur, aðstaða sem er fyrir á svæði

#### **Aðrir þættir**

Eykur fjölbreytni íþróttagreina á svæði

Eykur jafnrétti / jafnræði í íþróttum

Uppfylling staðla og alþjóðleg viðmið

Tengingar við samgöngur (vistspor)

#### **Fjárhagslegir þættir**

Árlegur kostnaður

Fjárfesting

Einskiptistekjur

Viðbótar rekstrarkostnaður Viðhaldskostnaður

Tekjur

Stýrihópurinn skili umsögn um forgangsröðun meðfylgjandi óska um fjárfestingar og framkvæmdir fyrir 15. júní 2020, eins og kostur er. Leitað verði umsagna um umsagnardög.

Jafnframt er gert ráð fyrir að borgarráði, menningar-, íþróttá- og tómstundaráði og stjórn ÍBR verði gerð grein fyrir framvindu mála.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps vegna mótarar stefnu í íþróttamálum í Reykjavík til 2030 dags. 13.mars 2019.

Yfirlit um framkomnar hugmyndir að íþróttamannvirkjum, ódags.

Aðferðafræði við ákvörðun um uppbryggingu mannvirkja, líkan við forgangsröðun.